Yfir 75% af tekjum saltfiskvinnslunnar fara í hráefniskaup. Þetta hlutfall var 50% fyrir fimm árum:

# Verðmæti saltfisks jókst um 9% þrátt fyrir 6% samdrátt í magni

**Heildarútflutningsverðmæti saltfiskafurða SÍF á síðasta ári námu 13,6 milljörðum króna. Þetta eru 1,1 milljarði, eða tæplega 9%, meiri verðmæti en fengust árið 1990. Á sama tíma varð 6% samdráttur í heildarútflutningi SÍF í tonnum talið, en alls voru flutt út 46 þúsund tonn af saltfiski í fyrra. Þetta þýðir að útflutningsverðmæti fyrir hvert tonn hefur aukist um 18% milli ára mælt í krónum.**

Saltfiskframleiðsla Íslendinga hefur minnkað ár frá ári síðan 1987, en það ár nam framleiðslan 64 þúsund tonnum. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari þróun. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar hefur halli verið á saltfiskvinnslu síðan árið 1988. Í janúar síðastliðnum taldi stofnunin hallann vera 8% og hefur þá ekki verið tekið tillit til þeirrar verðlækkunar á saltfiski á erlendum mörkuðum sem nýlega varð. Önnur ástæða fyrir minni framleiðslu á saltfiski er samdráttur í botnfiskveiðum. Árið 1987 voru veidd 390 þúsund tonn af þorski, en á síðasta ári var þorskveiðin innan við 300 þúsund tonn. Þá á hátt hráefnisverð sinn þátt í versnandi afkomu saltfiskvinnslunnar. Árið 1986 var hárefniskostnaður um 50% af tekjum saltfiskvinnslunnar. Á síðasta ári notaði saltfiskvinnslan hins vegar yfir 75% af tekjum sínum í að kaupa fisk til vinnslu.

En þrátt fyrir að samdráttur hafi verið í saltfiskvinnslu hér heima hafa tekjur af saltfiski verið að aukast stöðugt síðustu ár. Í fyrra skilaði saltfiskurinn rúmlega 13,4 milljörðum í þjóðarbúið, árið áður tæplega 12 milljörðum og árið 1989 9,7 milljörðum. Miðað er við FOB- verð miðað við gengi á hverjum tíma. Undanfarin fimm ár hefur söluverð á saltfiski frá SÍF hækkað um 78% í dollurum talið. Á sama tíma hefur verðlag í markaðslöndum okkar hækkað um 25%. Kjötvörur í löndunum hafa hins vegar einungis hækkað á tímabilinu um 21%, þannig að þær hafa lækkað að raunverði.

Nú virðist þessi jákvæða þróun á saltfiskmörkuðum okkar vera á enda, í bili a.m.k. Eftirspurn eftir fiski hefur minnkað og verð hefur lækkað. Verðið í dag er þó álíka hátt og það var á árinu 1990. Sigurður Haraldsson, framkvæmdastjóri SÍF, sagði á fundinum að það væru takmörk fyrir því hvað neytandinn væri tilbúinn til að greiða hátt verð fyrir saltfiskinn. Hann sagði að í dag kostaði kíló af saltfiski út úr búð í Portúgal um fimm sinnum meira en eitt kíló af kjúklingi í sömu búð.

Það eru fleiri ástæður fyrir verðlækkuninni. Norðmenn hafa að undanförnu aflað mjög vel og aukið söltun á fiski. Framboð hefur því aukist. Norðmenn og Kanadamenn hafa auk þess bætt meðferð á fiskinum mikið og eru því með betri vöru en áður. Það forskot sem íslenski saltfiskurinn hefur haft í gæðum hefur því minnkað. Við þetta bætist svo óvissa um skipulag á útflutningi sem getið er um í annarri frétt.

**- EÓ**

Fjölskylduhátíð á Laugaveginum:

## Fólk minnt á að koma heilt heim

**Fjölskylduhátíð verður á Laugaveginum í Reykjavík á laugardaginn á vegum Slysavarnafélagsins og fleiri aðila.**

**Með sumarkomunni eykst útivera barna og unglinga, umferð á þjóðvegum og útilegur og veiðiferðir. Öllu þessu fylgja aukin slys og er hátíðinni ætlað að minna fólk á að fara varlega.**

**Boðið verður meðal annars upp á tónleika, grillveislu og ýmsar kynningar á Laugaveginum.**

**—GKG.**

Færð á vegum landsins:

## Helstu þjóðvegir færir

Allir helstu þjóðvegir landsins eru nú færir, nema þó á Norðausturvegi (Sandvíkurheiði) þar sem mikil aurbleyta og aðeins fært jeppum og fjórhjóla drifnum bílum.

Einstaka vegakaflar eru ófærir eins og Þorskafjarðarheiði á Vestfjörðum, Hólssandur og Öxarfjarðarheiði á Norð-Austurlandi og Mjóafjarðarheiði á Vestfjörðum er lokuð vegna aurbleytu.

Allir hálendisvegir landsins eru lokaðir vegna aurbleytu og snjóa. **—GKG.**



**Kristín Guðnadóttir, starfsmaður Listasafna Reykjavíkur, við eitt af verkum Joan Míró.**

**Tímamynd Árni Bjarna**


Listahátíð 1992:

## Joan Míró á Kjarvalsstöðum

Á sunnudag verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á verkum Spánverjans Joan Míró, einum þekktasta myndlistarmanni þessarar aldar. Á sýningunni eru málverk, höggmyndir og teikningar frá síðari árum Mírós eða eftir 1960. Sýningin er framlag Listasafna Reykjavíkur til Listahátíðar 1992.

Joan Míró fæddist árið 1893 í Barcelona í Katalóníu en fluttist til Parísar árið 1920 og er einn þeirra sem undirritaði yfirlýsingu súrrealista árið 1924. Míró lést á Mallorka árið 1983. **—sá**


# ÞAÐ TÓKST!



**SILAFLEX-hágæðafilma — og rúllan á aðeins kr. 3050,-!**

**Árum saman höfum við reynt að útvega íslenskum bændum hágæðaplast á góðu verði.**

## NÚ HEFUR ÞAÐ TEKIST

Við höfum náð samningum við einn stærsta framleiðanda heypökkunarplasts í Evrópu, Amalgamated Ltd. í Bretlandi, um frábært verð á SILAFLEX-heypökkunarfilmu.

SILAFLEX er hvít, blásin, einslags filma, framleidd úr DOWLEX-plasti. Hún hefur verið í fararbroddi í Evrópu frá því framleiðsla hófst á henni 1985.

Hún hefur nú fengið gæðastimpil bresku ADAS-stofnunarinnar — *The Agricultural Development and Advisory Service* — sem er hin opinbera ráðunautaþjónusta breska landbúnaðarráðuneytisins, eftir ítarlegar prófanir sem fram fóru milli 18. júní 1991 og 18. mars 1992. Er hún fyrsta heypökkunarfilman sem fær þá viðurkenningu.

(Verð er án VSK og miðast við gengi 27. maí 1992.)

JÖTUNN
*Til liðs við þig*

HÖFÐABAKKA 9 . 112 REYKJAVÍK . SÍMI 91-634000